Fundargerð 17. fundar stjórnar Minjasafnsins á Akureyri 17. nóvember 2020.

Fundur haldinn á Zoom.

Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, formaður, Elísabet Ásgrímsdóttir, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Krüger, Sigríður Rósa Sigurðardóttir og Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri.

Formaður setti fund kl. 15:40

1. Fundargerð fyrri fundar.

Fundargerð 16. fundar lögð fram og samþykkt og verður undirrituð þegar stjórn kemur saman næst.

2. Fjárhagsstaða safnsins.

Safnstjóri lagði fram til kynningar rekstrarreikning samstæðunnar fyrir 10 og hálfan mánuð. Rekstur safnsins er í járnum og má lítið út af bregða. Tekjufall safnsins vegna Covid hefur verið mikið ofan á launahækkanir. Þó aðhald hafi verið mikið má lítið út af bregða og er áfram unnið markvisst að aðhaldsaðgerðum.
Fram kom í máli safnstjóra að söfn hafa ekki í nein úrræði að leita s.s. lokunarstyrki, tekjufallsstyrk eða hlutabótaleið.

3. Fjárhagsáætlun 2021 – fyrri umræða.

Safnstjóri kynnti fyrstu drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

4. Lífeyrismál.

Stjórn Akureyrarstofu hefur fjallað um óvæntar afleiðingar þess að safnið tók sjálft við útgreiðslu launa í febrúar s.l. Stjórn Akureyrarstofu hefur vísað málinu til Bæjarráðs sem bíður álits stjórnar Brúar. Stjórn Brúar hefur tekið málið fyrir og ákvað að kalla eftir utanaðkomandi lögfræðiáliti um aðild að A deildinni þar sem ákvörðun um aðild Minjasafnsins er stefnumótandi. Gert er ráð fyrir að málið verði til umfjöllunar annað hvort 30.11 eða 14.12. n.k.

5. Raunverulegir eigendur safnsins.

Í framhaldi af seinasta stjórnarfundi sendi safnstjóri gögn og rökstuðning fyrir því að raunverulegir eigendur safnsins séu sannarlega tilgreindir. Starfsmaður Ríkisskattstjóra staðfestir í tölvupósti 9.10.2020 að skilaskylda varðandi skráningu eigenda safnsins falli niður þar sem þeir séu tilgreindir í 2. gr. stofnskrár Minjasafnsins á Akureyri sem sé birt í Lögbirtingarblaðinu.

Skráningu hefur verið breytt á Fyrirtækjaskrá skv. tölvupósti frá starfsmanni fyrirtækjaskrár 29.10.2020.
Safnstjóra falið að fá stofnskrá safnsins skráða í Fyrirtækjaskrá.

6. Önnur mál.

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri felur safnstjóra að senda inn athugasemdir við nýtt leiðarkerfi SVA sem getur haft veruleg áhrif á starfsemi Minjasafnsins á Akureyri.

Fundi slitið 17:19
HÞE ritaði fundargerð.